



BÍLGREINASAMBANDIÐ

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

26.03.2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja og drög að reglugerð um skoðun ökutækja. Mál nr. 72/2020.

Lögð hafa verið drög að breytingum tveggja reglugerða í samráðsgátt stjórnvalda er snúa að ökutækjum og alltaf jákvætt að uppfæra slíkar reglugerðir. Að sama skapi vill BÍlgreinasambandið benda á nokkur atriði sem við leggjum til að verði breytt í þeim drögum sem hafa verið birt.

Reglugerð um skoðun ökutækja

Í **5 gr. Ökutæki sem færa skal til reglubundinnar skoðunar**, er varðar ökutæki sem eru undanþegin skoðunarskyldu, liður b) *dráttarvél sem hönnuð er til aksturs yfir 40 km á klst. og er aðallega notuð utan opinberra vega*. Hér teljum við að orðið aðallega sé loðið og ætti að fella niður seinni hluta þessara setningar. Annað hvort er þetta tæki undanþegið skoðunarskyldu eða ekki.

Breyting var gerð á **7 gr. Ökutæki sem færa skal til reglubundinnar skoðunar í júní á skoðunarári**, en þar er búið að flýta skoðunartíma ákveðinna ökutækja er ná ekki yfir endastaf í skráningarkerki og eru þau því skoðuð líkt og þau hafi tölustafinn 6 í endastaf skráningarkerkis. Hér er um að ræða bifreið í notkunarflokknum *húsbifreið og eftirvagn* í notkunarflokknum *hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagn*. Það er heimild fyrir því að mæta í skoðun með ökutækið mánuði fyrir lögbundna skoðun en á sama tíma er einnig gefin heimild fyrir því að mæta í reglubundna skoðun í síðasta lagi fyrir lok annars mánaðar eftir að lögbundnum skoðunarmánuði lýkur en að öðrum kosti leggst vanrækslugjald á eiganda (umráðamann) ökutækis. Með þessari undanþáguheimild geta ökutæki verið að koma í skoðun í lok ágúst þegar helstu ferðalögum innanlands er lokið.

Þær breytingar sem voru gerðar, að færa tímann frá ágúst yfir í júní, teljum við að ekki nægileg breyting hafi átt sér stað og þurfi að færa skoðun þessara faratækja enn frekar. Þetta gefur því að þessi tæki eru mörg hver búin að standa í marga mánuði í geymslum áður en þau eru skoðuð og fara út á vegi landsins. Telur BÍlgreinasambandið það mun öruggara að slík tæki séu skoðuð áður en þau fara út á vegi landsins og því mikilvægt að færa þessa skoðun fyrir sumarfrí, þ.e. að þau verði skoðuð í síðasta lagi í byrjun júní. Leggjum við því til að skoðunarmánuður þessara ökutækja sé maí með minni sveigjanleika til lengdar, eða einungis einn mánuður.

Við teljum að bæta þurfi við **12. gr. Skyldur skoðunarstofu** lið m) ganga úr skugga um að bifreiðagjald og lögbundin tryggingargjöld ökutækis séu að fullu greidd og að ekki sé öryggisinnköllun til staðar á ökutækið frá framleiðanda.

Í **19. gr. Skoðunatriði** liður b) skal athuga hvort óeðlileg breyting hafi orðið á stöðu akstursmælis ökutækis og svo í **24. gr. Skráning og staðfesting á niðurstöðu skoðunar** skulu upplýsingar um stöðu akstursmælis ökutækis og gildi mengunarmælinga sendar samdægurs til Samgöngustofu sem færir niðurstöður í ökutækjaskrá. Niðurstöður skulu vera á rafrænu formi í samræmi við verklagsreglur Samgöngustofu.

Miðað við þær upplýsingar sem berast frá Samgöngustofu í dag þá er ekkert aðhafst þó svo að um óeðlilega breytingu sé að ræða á stöðu akstursmælis né gildi mengunarmælinga. Við viljum leggja áherslu á að verklag Samgöngustofu þarf einnig að vera skýrt og að brugðist sé við þeirri vinnu sem skoðunarstöðvar eru að framkvæma. Ekki er nægilegt að Samgöngustofa fái flöggun um að niðurstaða akstursmælis sé skoðunarverð heldur þarf að vera krafa um að Samgöngustofa bregðist við á viðeigandi hátt. Að sama skapi þarf að leggja sömu áherslu á mengunarmælingar sem gerðar eru. Í dag eru fyrirtæki á markaði sem gefa sig út fyrir að taka mengunarbúnað úr sambandi, s.s. aftengja ad-Blue eða fjarlægja síur. Þetta þarf að bæta inn á lista yfir það sem skoðunarstofu ber að yfirfara og ætti að koma ábending um ef slíkur búnaður er aftengdur.

Sama á við um hraðatakmarkara í ákveðnum bílum og ökurita í þyngri bílum. Með hraðatakmarkara viðgengst og ákveðin verkstæði gefa sig út fyrir að setja þá í og taka þá síðan úr sambandi og stinga í samband á tveggja ára fresti þegar þeir fara í skoðun og taka aftur úr sambandi. Sum setja jafnvel rofa á lagnir sem er kveikt á og þá virkar ekki hraðatakmarkari. Svipað með ökurita í stærri bílum svo virðist sem reglum um notkun og aflestur sé ekki fylgt eftir og sumar skoðunarstofur jafnvel prófi og votti ökurita sem virka ekki.

Bílgreinasambandið telur að endurskoða verði **21. gr. Niðurstöður skoðunar**. Sér í lagi flokkana niðurstöðu skoðunar 2 og niðurstöðu skoðunar 3. Þar kemur fram að niðurstaðan feli í sér kröfu um að án tafar verði lagfært allt sem gerð var athugasemd við á skoðunarvottorði og ökutækið fært til endurskoðunar. Hér teljum við mikilvægt að til að viðgerð teljist fullnægjandi að framvísað sé við endurskoðun reikning frá **viðurkenndum viðgerðaraðila**. Það er að ekki sé hægt að gera við ökutækið í bílskúrum landsins í svarta hagkerfinu og af aðila sem er jafnframt ekki með menntun í bílgreinum. Til að straumlínulaga og einfalda ferlið ætti að vera nóg að viðurkennt verkstæði sendi inn afrit af reikningi vegna viðgerðar á skoðunarstöðina og hafi þá heimild til að aflétta endurskoðun.

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu skal vera verkfræðingur, tæknifræðingur eða meistari í bifvélavirkjun kemur fram í **26. gr. Kröfur til tæknilegs stjórnanda**. Samkvæmt 1. gr. Reglugerðar um löggiltar iðngreinar kemur fram að undir farartækja- og flutningsgreinum eru eftirtaldar greinar löggildar, bifreiðasmíði, bifvélavirkjun og bílamálun. Síðustu ár höfum við verið að berjast fyrir því að iðnmenntun sé sett á hærra stall. Verið er að berjast fyrir því að fá ungt fólk til að skrá sig í iðnmenntun og á sama tíma erum við að reyna að benda á að iðnmenntun skiptir máli. Með því að bjóða hér upp á að t.d. verkfræðingar geti gengið í störf þeirra sem hafa menntun í bílgreinum eru stjórnvöld að gera lítið úr þeirri menntun sem þeir sem stunda bílgreinar hafa lagt fyrir sig. Bílgreinasambandið telur það mikilvægt að fella þarna niður úr greininni heimild verkfræðinga og tæknifræðinga. Verða stjórnvöld að horfa vel í sitt nærumhverfi hvað það getur gert til að rétta stöðu iðnmenntunar í landinu. Því er ljóst af okkar hálfu að tæknileg stjórnun skoðunarstofu ökutækja á einungis að vera á höndum meistara í bifvélavirkjun.

Sömu kröfu viljum við hafa er varðar **27. gr. Kröfur til skoðunarmanna** en þar kemur fram að skoðunarmaður skal hafa sveinspróf í bifvélavirkjun, bifreiðasmíði eða vélvirkjun. Hér skal taka út þá heimild að vera með sveinspróf í vélvirkjun og einungis lærðir aðilar í bílgreinum hafi leyfi til að yfirfara ökutæki fyrir lögbundnar skoðanir.

Samkvæmt **35. gr. Skráningarskoðun** og **36. gr. Fulltrúa- og samanburðaskoðun**. Áður en ökutæki er nýskráð í ökutækjaskrá og tekið í notkun skal það skoðað til að ganga úr skugga um að það fullnægi kröfum í reglugerð um gerð og búnað ökutækja og sé í samræmi við skráningargögn, sbr. reglugerð um skráningu ökutækja. Skráningarskoðun er fyrsta skoðun á ökutæki á Íslandi og samsvarar reglubundinni skoðun (aðalskoðun). Hér er mikilvægt að ökutæki sem eru skráð í fyrsta sinn á Íslandi hvort sem þau eru ný eða notuð beri heldur ekki öryggisinnköllun frá framleiðenda.

Reglugerð um skráningu ökutækja

Annars vegar samkvæmt **1. gr.** kemur fram að eftirvagnar bifreiða eða dráttavéla sem gerðir eru fyrir meira en 750 kg að heildarþyngd, svo og hjólhýsi, tjaldvagn og fellhýsi séu skráningarskyld. Hins vegar eru tæki sem **nær** eingöngu eru notuð utan opinberra vega þó það sé yfir 750 kg séu undanþegin. Orðatiltækið „nær“ er loðið og þarf frekari skýringar. Bílgreinasambandið styður umsögn Víkurvagna sem einnig hefur verið send inn í samráðsgátt.

Hvað varðar 5. gr. reglugerðarinnar þá er hún svo hljóðandi **„Eigandaskipti og umsýsla, önnur en skráning og afskráning að því er varðar ökutækjaskrá, fer fram hjá Vinnueftirlitinu.“** Þarna þarf að gera góða grein fyrir að þetta eigi einungis um vinnuvélar en ekki almenn ökutæki en eigandaskipti og umsýsla þeirra verði áfram í höndum Samgöngustofu.

Fyrir hönd Bílgreinasambandsins,



María Jóna Magnúsdóttir
Framkvæmdastjóri
Hús Atvinnulífsins, Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 568 1550 / Farsími: 825 5525